

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar og
Skútustaðahrepps Bjarni Reykjálín
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. mars 2013
Tilvísun: UST20130200040/ksj

Tillaga að deiliskipulagi svæðis fyrir ferðapjónustu að Skútustöðum II Skútustaðahreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir ferðapjónustu að Skútustöðum II Skútustaðahreppi.

Skipulagssvæðið

Ofangreind deiliskipulagstillaga nær yfir 1,55 ha svæði að Skútustöðum II. Á norðurhluta tillögunsvæðisins eru nú þegar íbúðarhús og gistiskálar. Suðurhluti svæðisins er óbyggður en tillagan gerir ráð fyrir að þar verði byggð íbúðarhús og smáhýsi.

Gervigígar

Gervigígar eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Í umfjöllun um skipulagssvæðið kemur fram í greinargerð að: „*Gervigígar eru á svæðinu og við skilgreiningu á byggingarreitum og staðsetningu mannvirkis skal taka tillit til þeirra.*” Einnig kemur eftirfarandi fram í greinargerð tillögunnar, í umfjöllun um náttúruvernd: „*Innan deiliskipulagssvæðisins eru gervigígar og er lögð áhersla á að röskun í nánasta umhverfis þeirra er óheimil.*” Að mati Umhverfisstofnunar eru gervigígar jarðmyndanir sem þurfa rými til þess að njóta sín. Að mati stofnunarinnar er ekki tekið tillit til gervigígs á suðausturhluta deiliskipulagstillögunsvæðisins því byggingarreitir eru áætlaðir afar nálægt gígnum. Umhverfisstofnun ítrekar því fyrri umsögn frá 24. júlí 2008, en þar kom eftirfarandi fram: „*Að mati Umhverfisstofnunar fara byggingarreitir D og C óþarflega nálægt gervigíg á suð-austurhluta svæðisins og telur Umhverfisstofnun að færa eigi mörk þeirra fjær gígnum. Umhverfisstofnun telur að hægt væri að minnka eða endurskipuleggja það svæði er fer undir vegi og bílastæði innan deiliskipulagssvæðisins og fá þannig rými til að færa byggingarreiti fjær gígnum. Með vísan í V. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999 bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að við hönnun mannvirkja sé þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.*”


Fráveita


Í greinargerð deiliskipulagstillögunnar kemur fram að áætlað er að frárennsli fari í sameiginlega rotþró á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í. 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu, kemur fram að: „Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með útarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7.gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.“ Rotþró með siturlögn er þar af leiðandi ekki nægileg hreinsun á svæði deiliskipulagstillögunnar.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru byggingarreitir í ofangreindri deiliskipulagstillögu of nálægt gervígum, sérstaklega á suð-austurhluta skipulagssvæðisins. Áætlun um fráveitu í greinargerð deiliskipulagstillögunnar er að mati Umhverfisstofnunar ábótavant.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Guðrún Lára Pálmadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun

